


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Vinnustaðanám sjúkraliða VIN 305 Kennsluáætlun Vorönn 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 6		

VIN 305 – Vinnustaðanám á hand-, lyflækninga- og sérdeildum

Kennari: María Albína Tryggvadóttir (MAL). Netf. maria@vma.is


Áfangalýsing í VIN 305: Verknám fer fram á sérdeildum svo sem barnadeild, endurhæfingardeild, geðdeild, heilsugæslu eða kvennadeild. Náms tíminn er 15 átta klukkustunda vaktir á önn. Nemandi setur sér persónuleg markmið í upphafi verknámstímabils um væntingar til verknámsins. Hjúkrunarkennari, leiðbeinandi og deildarstjóri bera sameiginlega ábyrgð á verklegu námi sjúkraliðanema. Nemandi skal skipuleggja eigin störf í samvinnu við hjúkrunarkennara og leiðbeinanda. Nemandi skal samþætta bóklegt og verklegt nám með gerð lokaverkefnis. Í lokaverkefni er lögð áhersla á heildræna hjúkrun. Verkefni er valið í samráði við hjúkrunarkennara og leiðbeinanda.

Meginmarkmið í VIN 305 : Að nemandi öðlist þekkingu á starfsemi sérdeilda og þeirri hjúkrun og sem þar er veitt. Að nemandi sýni sjálfstæði í starfi ásamt hæfni í tengingu bóklegra og verklegra þátta.

Áfangamarkmið á hand- og lyflækningadeild:

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að:

- ↳ Sýna þekkingu í hjúkrun og aðstoð við sjúklinga á hand- og lyflæknisdeildum.
- ↳ Sýna færni í samskiptum við skjólstæðinga.
- ↳ Sýna faglega umhyggju í hjúkrun mikið veikra sjúklinga og geta útskýrt mismunandi hjúkrunarþörf þeirra.
- ↳ Geta útskýrt mikilvægi andlegs undirbúnings fyrir og eftir aðgerðir og rannsóknir.
- ↳ Sýna færni í hjúkrun fyrir og eftir aðgerðir og rannsóknir.
- ↳ Þekkja og sýna skilning á mikilvægi skráningar.
- ↳ Sýna færni í algengum sýnatökum og meðferð sýna.
- ↳ Sýna færni í að skipuleggja og forgangsraða hjúkrun skjólstæðinga í samvinnu við leiðbeinanda.
- ↳ Sýna skilning á hlutverki sjúkraliða á viðkomandi deild.
- ↳ Geta gert grein fyrir mikilvægi trúnaðar og þagnarskyldu við skjólstæðing.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	Vinnustaðanám sjúkraliða VIN 305	
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 6		
Kennsluáætlun Vorönn 2014		

Áfangamarkmið á sérdeildum:

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að:

- sýna færni í hjúkrun sjúklinga á sérdeild
- sýna færni í samskiptum og skilning á mikilvægi heilðrænnar hjúkrunar
- geta metið hjúkrunarþarfir sjúklings
- vera fær um að skipuleggja eigin störf og sýna fagmennsku í starfi
- geta forgangsraðað störfum sínum
- sýna færni í þverfaglegu samstarfi
- sýna skilning á hlutverki sjúkraliða á viðkomandi deild
- geta gert grein fyrir mikilvægi trúnaðar og þagnarskyldu við skjólstæðing


Tilhögun verklega námsins í VIN 305 á vorönn 2014

Verknámstímabilið er frá **6. janúar – 24. janúar** (15vaktir).

- Hver nemandi hefur sinn tengil/tengla á hverri vakt og skal fylgja honum og/eða fyrirmælum hans. Tengill og deildarstjóri bera ábyrgð á að útvega nemandanum námstækifæri inni á deildinni.
- Æskilegast er að nemandi sé á morgunvöktum en taki 2-3 kvöldvaktir ef tengill er einnig á kvöldvakt. Á sumum deildum verða nemandur að taka fleiri kvöldvaktir ef aðstæður á deildinni krefjast þess en nemandi skal aldrei taka fleiri en 5 kvöldvaktir á tímabilinu án samráðs við umsjónarkennara áfangans. Næturvaktir eru ekki viðurkenndur námstími. Röðun nema á tengla og á vaktir er í höndum tengils og deildarstjóra. Allt „hringl“ með vaktir er óæskilegt.

Nokkur mikilvæg atriði sem vert er að hafa í huga.

- Nemendur sem fara á FSA á Akureyri mæta í kennslustofu 2. hæð FSA fimmtudaginn **6. janúar kl. 09:30** þar sem nemendur hitta kennara áfangans. Þar verður farið yfir kennsluáætlunina, nemendur fá skápalykla og verður síðan fylgt á deildir. Nemendur sem eru á öðrum stöðum mæta samkvæmt upplýsingum á skjalinu um niðurröðun nemenda.
- Munið að mæta stundvíslega á vaktir og það er 100% mætingarskylda í verklegu námi. Ef einhver forföll verða, látið deildina alltaf vita og sendið kennara tölvupóst.
- Nemendur eiga ekki að skipta vöktum nema brýna nauðsyn beri til og þá **alltaf** í samráði við tengil og/eða deildarstjóra.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	Vinnustaðanám sjúkraliða VIN 305	
Síða 3 af 6	Kennsluáætlun Vorönn 2014	

- Ef það eru „dauðir“ tímar á deildinni nýtið þá t.d. við að afla ykkur heimilda fyrir verkefni, kynnið ykkur lesefni á deildunum, spjallið við sjúklinga, biðjið einhvern á deildinni að sýna ykkur eitthvað sem þið hafið áhuga á að vita meira um, farið yfir vökvadælug og önnur tæki og tól og svo frv.. „Dauður“ tími er ekki frí! Notið þessar fáu vaktir sem þið hafið inni á deildunum **vel**.
- Kennari mun koma eða hafa samband símleiðis við deildarnar og hitta/heyra í nemendum og leiðbeinendum á meðan verknámið stendur yfir. Ef það kemur eitthvað upp á í verknáminu vill kennari fá að vita af því og þið getið alltaf haft samband við mig ef eitthvað er að eða ykkur vantar upplýsingar.
- Munið að taka með ykkur vinnuskó, auðkennikortið og/eða pennavasann.

Námsmat.

Mat á verklegu námi á deild (40%): Í lok verknámsins er gefin einkunn (staðið eða fallið) fyrir námið á deildinni og er hún gefin sameiginlega af tengli, deildarstjóra og umsjónarkennara á sérstöku eyðublaði (ferilbók). Nemandi **metur sig einnig sjálfur** og fær tækifæri til að bera saman sitt eigið mat saman við mat deildarinnar á sameiginlegum fundi með tengli og umsjónarkennara í lok verknámsins (á Akureyri). Munið að vera búin að gera sjálfsmatið þegar lokamatið fer fram.

Tenglar gera miðannarmat í samráði við kennara um mitt tímabilið (6-8 vakt). Lokamat fer fram í lok verknámsins. Tenglar senda ferilbókina til kennara á þeim stöðum þar sem matið fer fram án kennara.


Ferilbókina (matsblað) eiga nemendur að mæta með á fyrstu vakt og afhenda leiðbeinanda sínum hana. Þar eiga **markmiðin** að fara inn og munið að láta kvitta fyrir með upphafsstöfum viðkomandi og dagsetningu ef þið eruð að gera eitthvað af þeim verkþáttum sem eru í ferilbókinni. Bætið við verkþáttum þar sem við á. Ferilbókin á alltaf að vera til staðar á deildinni þannig að það sé alltaf hægt að kvitta fyrir í hana. Nemendur verða að vera svolítið vakandi fyrir því sjálfir að kvittað sé fyrir í bókina, sérstaklega ef tengill er ekki á vaktinni.

Markmiðin á nemandi að vera búinn að setja sér þegar hann kemur á vakt **9. janúar** og þarf þá að sýna leiðbeinanda sínum þessi markmið. Þeir nemendur sem hafa ekki skilað inn markmiðum fyrir þann tíma missa 10 punkta af 100 fyrir verklega námið. Markmiðin eiga að vera lýsandi og a.m.k. **fimm markmið**, bæði persónuleg og fagleg markmið. Horfið á markmið áfangans og sjúklingahóp deildarinnar þegar þið eruð að setja ykkur markmiðin. Mikilvægt er að tenglarnir sjái þessi markmið ykkar þannig að þeir séu betur meðvitaðir um það sem þið viljið leggja áherslu á.

Lokamatið er gefið sem staðið eða fallið. Fáir nemandi staðið hefur hann náð 40% af áfanganum en fáir nemandi **einn kross** í reitinn „*öviðunandi*“ er nemandi fallinn í áfanganum.

Dagbók (20%):

Nemandi heldur dagbók á verknámstímabilinu þar sem fært er inn hvað hann hefur gert á hverri vakt. Í upphafi verknámsins **skal nemandi setja sér markmið** með veru sinni á deildinni og hafa þau í huga þegar er verið að færa inn í dagbókina. Setjið þessi markmið inn í upphafi **dagbókarinnar** og **metið í lokin** hvort þessum markmiðum hafi verið náð, útskýrið.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Vinnustaðanám sjúkraliða VIN 305 Kennsluáætlun Vorönn 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 6		

hvernig hvert markmið fyrir sig náðist. Ef markmiðin hafa ekki náðst þarf það líka að koma fram og þá af hverju.

Í dagbókinni þarf að koma fram hvers konar starfsemi er á deildinni, segið frá sjúklingahópnum, helstu sjúkdómum/aðgerðum/rannsóknnum og fjallið um hjúkrunina tengt því. Í dagbókinni þurfa að koma fram a.m.k. **þrjár hjúkrunargreiningar** sem notaðar eru á deildinni og lýsið hjúkruninni sem tilheyrir þeim. Dagbókinni á að skila til kennara viku eftir að verknámi líkur. Skilið dagbókinni í hólf umsjónarkennara í VMA (notið línubil 1,5 og leturgerð 12, hafið forsiðu þar sem nafn ykkar kemur fram).

Skrifið á hverjum degi og munið að setja inn ykkar eigin hugleiðingar. Dagbókin á ekki að vera þurr upptalning um þau verk sem þið gerðuð heldur einnig ykkar eigin tilfinning fyrir verknáminu. Segið frá hvernig ykkur leið við ákveðnar aðstæður hvort sem þær voru skemmtilegar eða leiðinlegar, sorglegar eða ánægjulegar. Segið frá ef þið eruð að upplifa eitthvað nýtt og hvernig finnst ykkur skjólstæðingarnir upplifa það sem þið gerið fyrir þá. Metið eigin framfarir í starfi.

Efnisatriði sem hægt er að hafa til hliðsjónar við markmiðagerðina og dagbókarfærslurnar:

Hjúkrun fullorðinna, móttaka, samskipti, langvinnir sjúkdómar, undirbúningur, eftirlit, rannsóknir, aðgerðir, fylgikvillar, magasonda, dreypi, dropateljarar, umbúðir, dren, leggir, þvagnpoki, sjúkrahjálfun, iðjuþjálfun, hjálpartæki. Heildræn hjúkrun, þverfaglegt samstarf, aðlögun, endurhæfing, umhyggja, samvinna, trúnaður, forgangsröðun, fagmennska.

Lokaverkefni í VIN 305


Verkefni (40%)

Markmið

- ✓ Að nemandi geti skýrt frá heildrænni hjúkrun á þeirri deild sem hann er á.
- ✓ Að nemandi þekki fagmennsku í hjúkrun og mismunandi hjúkrunarform.
- ✓ Að nemandi geti nýtt sér fræðilega þekkingu sína og notkun heimilda í samantekt sinni um viðfangsefnið.

Nemandi velur sér verkefni af listanum hér fyrir neðan og velur eftir því á hvaða deild viðkomandi er á. Tveir nemar mega gera verkefni saman. Þegar nemandi er búinn að velja sér verkefni skal hann hafa samband við kennara og leggja fram áætlun (beinagrind) um verkefnið. Beinagreindinni þarf að skila til kennara í tölvupósti eða með viðtali við kennara í síðasta lagi 12. febrúar 2014. Allir nemendur þurfa síðan að hitta kennara eða senda verkefnið í tölvupósti a.m.k. einu sinn áður en verkefninu er skilað.

- a) Segja frá hjúkrun á deildinni; hvaða form er á hjúkruninni og hver er sjúklingahópurinn. Hvaða sjúkdómar/aðgerðir eru helst meðhöndlaðir á deildinni. Hvert er verksvið sjúkraliða á deildinni. Er unnið út frá einhverri ákveðinni kenningu í hjúkrun? Hvert er skipulagið á deildinni og hvaða starfstéttir vinna með sjúklingunum.


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Vinnustaðanám sjúkraliða VIN 305 Kennsluáætlun Vorönn 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 5 af 6		

Hvernig er hjúkrunarskráningin og algengustu hjúkrunargreiningar. Hvaða fræðsla fyrir starfsfólk fer fram á deildinni og hvernig geta sjúkraliðar nýtt sér hana. Fleira má koma hér inn t.d. er hægt að taka viðtal við deildarstjóra eða sjúkraliða á deildinni.

- b) Segið nánar frá einum sjúkdómi (einkenni, meðferð, orsakir, rannsóknir) og lýsið hjúkrun einstaklinga með þennan sjúkdóm og fjallið sérstaklega hvað sjúkraliðar gera í hjúkrun viðkomandi. Nefnið helstu hjúkrunargreiningar sem eiga við. Hér má einnig taka viðtal við ákveðinn sjúkling sem nemandi hefur fylgt.
- c) Segið frá hjúkrun einstaklings sem fer í aðgerð. Fjallið um ástæður (einkenni, meðferð, orsakir, rannsóknir) aðgerðar, hjúkrun fyrir og eftir aðgerð með áherslu á það sem sjúkraliðar gera. Nefnið helstu hjúkrunargreiningar sem eiga við. Hér má einnig taka viðtal við ákveðinn sjúkling sem nemandi hefur fylgt.

Ýmis atriði sem hafa ber í huga

- Verkefnið á að vera 10-12 blaðsíður með línubili 1,5, leturstærð 12, setjið inn blaðsíðutal og efnisyfirlit.
- Þið skiptið verkefninu niður í kafla þar sem við á, hafið inngang og lokaorð þar sem þið komið fram með ykkar eigin skoðanir út frá umfjöllun ykkar í verkefninu. Þið hafið annars frekar frjálssar hendur með uppsetninguna, þið megið nota myndir, töflur eða eitthvað annað ef við á. Frumleiki er af hinu góða en hann verður að eiga við og vera innan þeirra marka sem heimildaritgerð setur.
- Verkefnið þarf að vera í samhengi og að það komi fram að þið sýnið skilning á því sem þið eruð að fjalla um. Verkefnið má alls ekki vera byggt upp að mestu af þurrum upptalningum þar sem allt samhengi vantar.
- Ef þið eruð að vinna verkefnið með ákveðnum sjúklingum eiga ekki nöfn eða eitthvað um persónulega hagi þeirra einstaklinga sem þið vinnið með að koma fram. Þið megið alveg búa til nafn á viðmælenda ykkar til að nota í verkefninu. Munið að kynna vel verkefnið fyrir viðmælenda ykkar og fáid leyfi frá honum – áréttið trúnað og þagnarskylduna og segið viðmælenda ykkar að hann megi neita að svara spurningum sem þið komið með ef þau telja ástæðu til. Þær upplýsingar sem eru um sjúklinginn í verkefninu verða einungis að koma frá honum sjálfum en mega ekki vera úr sjúkraskýrslum.
- Leggið áherslu á „réttar“ heimildir og notið þær rétt. Rökstuðningur með heimildum léttir ykkur hreinlega verkefnavinnuna. Heimildirnar mega vera úr bókum, tímaritum, og af Netinu en munið að vera gagnrýnin á heimildirnar, eruð þið örugglega með nýjar og réttar upplýsingar? Mikilvægt er að gera sér strax grein fyrir því að mikil vinna fer í heimildaöflunina.
- Allar heimildir sem þið notið í verkefninu eiga að koma fram í heimildaskrá. Heimildaskráning skal vera eins og sett er fram í hefti sem þið hafið fengið. Þar er sagt hvernig nota á heimildir og hvernig gera á heimildaskrá en einnig farið í uppbyggingu heimildaritgerðar. Það er ágætt að hafa það í huga að allar heimildir sem þið notið verða þeir sem lesa verkefnið að geta nálgast á einhvern hátt með því að skoða

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Vinnustaðanám sjúkraliða VIN 305 Kennsluáætlun Vorönn 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 6 af 6		

heimildaskrána. Í hverju verkefni þurfa að komi fram a.m.k. **fjórar heimildir úr fræðilegum bókum/greinum** (þar eru heimildir af Netdoktor, Wikipedia og Vísindavefnum ekki taldar með). Munið að leita af greinum um hjúkrun líka.

- ↳ Verkefnið er einstaklingsverkefni eða tveir nemendur saman og skiladagur verður **28. mars 2014** (með fyrirvara um breytingar) um leið og þið kynnið lokaverkefnið. Hverju verkefni á að skila í tveimur eintökum, með harðri forsiðu og gormað.
- ↳ Nemendur þurfa að kynna lokaverkefnið og mun það verða gert sameiginlega líklega 28. mars 2014. Allir verða að kynna lokaverkefnið þann dag. Nemendur munu hlusta á kynningu hjá hvor öðrum (skyldumæting) og einnig verða kennarar skólans og leiðbeinendur frá FSA boðið á kynninguna. Þið hafið frjálssar hendur með það hvernig þið kynnið verkefnið, getið notað glærur, myndir eða annað sem ykkur dettur í hug.
- ↳ Ykkur er alltaf velkomið að leita til mín ef þið eruð eitthvað í vandræðum.

Verkefnið gildir 40% af lokaekinnun og skiptist niður þannig;

- ↳ Fræðileg umfjöllun 35%.
- ↳ Tenging við hjúkrun og störf sjúkraliða 25%.
- ↳ Uppbygging verkefnisins (að lesa það sem heild) og frágangur 10%.
- ↳ Val á heimildum, heimildaskráning og notkun heimilda inni í verkefninu 15%.
- ↳ Kynning lokaverkefnis 15%.

Nemandi þarf að ná lágmarkseinkun (4,5) í hverjum hluta til að hægt sé að gefa lokaekinnun.

Ef það er eitthvað sem þið eruð að velta fyrir ykkur þá endilega hafið samband við mig, hvort sem það er vegna verknámsins eða verkefnisins.

Gangi ykkur vel og njótið þess að vera nemar!

María A. Tryggvadóttir

Umsjónarkennari VIN 305

Dagsetning:

Undirritun kennara
Áskilinn er réttur til breytinga.

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils